

Bekkur: 5. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Marinó Muggur & Íris Sól

Tímafjöldi: 6



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

- Orðspor 1, lesbók og vinnubók
- Málrækt
- Fyrsti Smellur
- Fólkið í blokkinni – Samlestur og ítarefni
- Ritunarverkefni af ýmsum toga
- Efni frá kennara

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi getur: • Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar. • Nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýninn hátt og greint frá aðalatriðum þess. • Gert grein fyrir þekkingu sinni og reynslu og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi. • Hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum,	• Framsögn er þjálfuð markvisst á fjölbreyttan hátt. • Nemendur hlusta á fjölbreyttan upplestur. • Nemendur taka þátt í sviðsetningu verka á árshátíð og flytja texta í jólaútlvarpi.	Mat á vinnu í jólaútlvarpi og árshátíð. Frammistöðumat Símat Kynningar
Lestur og lesskilningur	• Lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta. • Skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt.	• Nemendur nýta bæði samvirkar aðferðir og einstaklings- eða paravinnu á stöðvum í bókmenntavinnu. • Nemendur lesa daglega heima • Nemendur lesa og hlusta á ólíka texta og vinna fjölbreytt verkefni. • Fjölbreytt lesskilningsverkefni. • Nemendur fá vikulegan bókasafnstíma.	Heimalestur metinn reglulega. Frammistöðumat Símat Orðarún - Staðlað lesskilningspróf á haust- og vorönn.

	• Geti beitt lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni, • Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra. • Beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda		Lestrarskimun þrisvar yfir veturinn.
Bókmenntir	• Lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt. • Notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum. • Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir. • Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi.	• Ritun er þjálfuð bæði í lengri og styttri verkefnum. • Skrift og ritvinnslufærni er þjálfuð markvisst í bóklegum fögum. • Stafsetning þjálfuð með ýmsum aðferðum. • Grunnatriði í ritgerðarvinnu.	Frammistöðumat Símat Stuttar kannanir Einstaklings/hópverkefni
Ritun	• Miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innslátt á lyklaborð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum. • Tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum. • Skrifað texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar. • Beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi. • Skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi.	• Verkefni með textum úr ýmsum áttum. • Þjálfun í málnotkun og réttri beitingu máls.	Frammistöðumat Símat Stuttar kannanir

Mál og málnotkun	• Beitt málfræðipækkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni málsins og málnotkun sína. • Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. • Notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun. • Notað algeng orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta. • Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta. • Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um tungumál.		Símat Kannanir Hóp/einstaklingsve rkefni
-------------------------	--	--	---